

Persónuvernd

06 251

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Persónuvernd
kt. 560800-2820
Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Persónuvernd er sjálfstæð stofnun sem heyrir stjórnarfarslega undir dómsmálaráðherra. Ráðherra skipar bæði forstjóra og stjórn Persónuverndar. Forstjóri annast daglega stjórn stofnunarinnar og ber ábyrgð á fjárreiðum og starfsmannahaldi hennar en að öðru leyti ákveður stjórn skiptingu starfa á milli hennar og skrifstofu. Í því skyni hefur stjórn sett reglur nr. 876/2018 um skiptingu starfa á milli stjórnar og starfsmanna Persónuverndar.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 10 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 336,5 milljónir og afkoma kr. 14,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 3,6 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 48,2 milljónir.

Starfsemi stofnunarinnar á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Persónuverndar í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Persónuverndar fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Helga Þórisdóttir,
forstjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	332.700.000	307.000.000
Seld þjónusta	3	1.390.197	3.413.028
Framlög og ýmsar tekjur		0	2.242.900
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	2.436.465	2.558.909
Tekjur samtals		336.526.662	315.214.837
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	261.823.471	268.441.340
Annar rekstrarkostnaður	5	58.203.905	55.060.953
Afskriftir	6	2.436.465	2.558.909
Gjöld samtals		322.463.841	326.061.202
Afkoma fyrir fjármagnsliði		14.062.821	(10.846.365)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(896)	(4.480)
		(896)	(4.480)
Afkoma ársins		14.061.925	(10.850.845)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	7		
Áhöld, tæki og búnaður		9.002.907	9.108.480
Aðrar eignir		84.207	102.706
Fastafjármunir samtals		<u>9.087.114</u>	<u>9.211.186</u>
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	8	39.110.294	29.359.522
Veltufjármunir samtals		<u>39.110.294</u>	<u>29.359.522</u>
Eignir samtals		<u>48.197.408</u>	<u>38.570.708</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	9		
Hrein eign		3.589.932	(10.471.993)
Eigið fé samtals		<u>3.589.932</u>	<u>(10.471.993)</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	8	671.713	106.400
Víðskiptaskuldir		3.660.622	1.771.954
Ýmsar skammtímaskuldir	10	28.052.108	32.504.849
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	11	12.223.033	14.659.498
Skuldir samtals		<u>44.607.476</u>	<u>49.042.701</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>48.197.408</u>	<u>38.570.708</u>
Aðrar upplýsingar	12		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		14.061.925	(10.850.845)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	2.436.465	2.558.909
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(2.436.465)	(2.558.909)
		<u>14.061.925</u>	<u>(10.850.845)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Tengdir aðilar		(11.497.852)	6.733.007
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(2.564.073)	4.117.838
		<u>(14.061.925)</u>	<u>10.850.845</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	7	(2.312.393)	(4.206.568)
		<u>(2.312.393)</u>	<u>(4.206.568)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		2.312.393	1.206.568
Fjárfestingarframlag		0	3.000.000
		<u>2.312.393</u>	<u>4.206.568</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Aðrar eignir	10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2022 2021

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	332.700.000	307.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	2.436.465	2.558.909
	<u>335.136.465</u>	<u>309.558.909</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	327.300.000	0	0	327.300.000
Fjárlög	3.200.000	0	0	3.200.000
Launabætur	2.200.000	0	0	2.200.000
Fjárveiting til tekna	332.700.000	0	0	332.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(318.638.075)	0	0	(318.638.075)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	14.061.925	0	0	14.061.925

2022 2021

3 Seld þjónusta

Sérfræðiþjónusta	1.390.197	3.394.128
Selt fæði	0	18.900
	<u>1.390.197</u>	<u>3.413.028</u>

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	215.773.388	214.186.142
Orlof, breyting	(4.482.741)	5.301.160
Launatengd gjöld	48.425.861	47.345.245
Starfsmannakostnaður	2.106.963	1.608.793
	<u>261.823.471</u>	<u>268.441.340</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	17,6	18,6
------------------------------	------	------

5 Annar rekstrarkostnaður

Bækur, ritföng, filmur o.fl.	620.641	1.133.093
Ýmis tæki og áhöld	298.991	281.873
Varahlutir og viðhaldsvörur	11.208	5.249
Orkugjafar	1.118.220	761.290
Matvæli	1.910.713	1.400.118
Almennar rekstrarvörur	264.379	315.391
Vörukaup, almenn	4.224.152	3.897.014
Ýmsar sérgreindar vörur	12.732	66.895
Vörukaup, sérgreind	12.732	66.895

Skýringar

	2022	2021	
5 Annar rekstrarkostnaður, frh.			
Fundir, námskeið, risna	980.627	493.000	
Ferðir, uppihald	3.455.671	583.039	
Akstur	35.586	99.932	
Sérfræðiþjónusta	8.910.341	10.904.223	
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	22.399	24.882	
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	3.157.810	1.447.345	
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	1.284.983	1.646.001	
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	<u>17.847.417</u>	<u>15.198.422</u>	
Afnotagjöld	9.594.039	10.693.806	
Leigugjöld	22.745.590	20.785.000	
Notkun véla og flutningatækja	0	22.050	
Verkkaup	2.849.575	3.978.428	
Kostnaðarhlutdeild	930.302	419.338	
Opinber gjöld	98	0	
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	<u>36.119.604</u>	<u>35.898.622</u>	
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>58.203.905</u>	<u>55.060.953</u>	
6 Afskriftir			
Áhöld, tæki og búnaður	2.310.772	2.540.410	
Aðrar eignir	18.499	18.499	
Sölutap og úrehtar eignir	107.194	0	
	<u>2.436.465</u>	<u>2.558.909</u>	
	31.12.2022	31.12.2021	
7 Varanlegir rekstrarfjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:			
Áhöld, tæki og búnaður	9.002.907	9.108.480	
Aðrar eignir	84.207	102.706	
	<u>9.087.114</u>	<u>9.211.186</u>	
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2022:			
	Áhöld, tæki og búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2022	22.045.349	184.995	22.230.344
Viðbætur á árinu	2.312.393	0	2.312.393
Selt/úrelt á árinu	(3.471.611)	0	(3.471.611)
	<u>20.886.131</u>	<u>184.995</u>	<u>21.071.126</u>
Afskriftir 01.01.2022	12.936.869	82.289	13.019.158
Afskrift ársins	2.310.772	18.499	2.329.271
Selt/úrelt á árinu	(3.364.417)	0	(3.364.417)
	<u>11.883.224</u>	<u>100.788</u>	<u>11.984.012</u>
Staða 31.12.2022	<u>9.002.907</u>	<u>84.207</u>	<u>9.087.114</u>

Skýringar

31.12.2022 31.12.2021

8 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	39.110.294	24.778.176
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	0	4.581.346
	<u>39.110.294</u>	<u>29.359.522</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	671.713	106.400
	<u>671.713</u>	<u>106.400</u>

9 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	(10.471.993)	378.852
Afkoma ársins	14.061.925	(10.850.845)
Jöfnuður 31.12.	<u>3.589.932</u>	<u>(10.471.993)</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2022 31.12.2021

10 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	28.022.108	32.504.849
Önnur ógreidd gjöld	30.000	0
	<u>28.052.108</u>	<u>32.504.849</u>

11 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2022 31.12.2021

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	9.087.114	9.211.186
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga	3.135.919	5.448.312
	<u>12.223.033</u>	<u>14.659.498</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2022	9.211.186	5.448.312	14.659.498
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	2.312.393	(2.312.393)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(2.436.465)</u>	<u>0</u>	<u>(2.436.465)</u>
	<u>9.087.114</u>	<u>3.135.919</u>	<u>12.223.033</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2022 munu kr. 2,4 milljónir koma til tekna á árinu 2023.

Skýringar

12 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert ótímabundna skuldbindandi samninga um húsnæði, auk annara samninga s.s. vegna rekstur og vörslu hugbúnaðarkerfa. Árlegar greiðslur vegna húsaleigu nema kr. 21,8 milljónum og vegna annara samninga kr. 23,2 milljónum.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2022.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.